

FUNDARGERÐ ÁRSFUNDAR GILDIS-LÍFEYRISSJÓÐS 2021
Haldinn rafrænt fimmtudaginn 15. apríl 2021 kl. 17:00

Dagskrá ársfundar:

1. Skýrsla stjórnar
2. Kynning ársreiknings
3. Gerð grein fyrir tryggingafræðilegri úttekt, fjárfestingarstefnu og hluthafastefnu
4. Tillögur til breytinga á samþykktum
5. Starfskjarastefna – til staðfestingar
6. Kosning/skipan stjórnar
7. Ákvörðun launa stjórnarmanna
8. Kosning nefndar um laun stjórnarmanna
9. Kjör endurskoðanda eða endurskoðunarfyriertækis
10. Önnur mál

Fundarsetning

Stefán Ólafsson stjórnarformaður setti fundinn og bauð fundarmenn velkomna. Stefán gerði tillögu um Guðbjörgu Helgu Hjartardóttur, lögmann, sem fundarstjóra og voru ekki gerðar athugasemdir við það gegnum rafrænt athugasemdakerfi fundarins.

Guðbjörg Helga Hjartardóttir tók við fundarstjórn. Fundarstjóri gerði tillögu um Árna Hrafn Gunnarsson sem fundarritara og voru ekki gerðar athugasemdir við það gegnum rafrænt athugasemdakerfi fundarins.

Fundarstjóri upplýsti að hann hefði kannað boðun fundarins og áskildar auglýsingar og úrskurðaði fundinn löglegan þar sem rétt hefði verið til hans boðað.

Vegna gildandi samkomutakmarkana vegna Covid-19 var fundurinn eingöngu haldinn með rafrænum hætti. Upplýst var um að sjóðfélagar gætu hins vegar nýtt málfrelsi sitt og tillögurétt með rafrænum hætti í gegnum kerfið LUMI AGM. Sama ætti við um atkvæðisrétt meðlima fulltrúaráðs sjóðsins. Athugasemd um að fundurinn væri eingöngu haldinn rafrænn barst frá sjóðfélaga í aðdraganda fundarins en mat stjórnar sjóðsins var að ekki væri mögulegt að láta fundinn fara fram nema með þessum hætti vegna aðstæðna og gildandi reglna um samkomutakmarkanir. Þessu næst var farið yfir virkni kerfisins sem notast var við, þ.m.t. hvernig hægt væri að koma á framfæri spurningum og athugasemdum og hvernig unnt væri að kjósa. Þá var bent á hvernig hægt væri að hafa samband við sjóðinn kæmi til tæknilegra vandamála. Að lokum fór fram prufukosning til þess að kanna virkni kerfisins.

Þessu næst gerði fundarstjóri grein fyrir dagskrá fundarins. Lagði hann til að dagskrárliðirnir skýrsla stjórnar, kynning ársreiknings fyrir s.l. starfsár og kynning tryggingafræðilegrar úttektar, fjárfestingarstefnu og hluthafastefnu, þ.e. dagskrárliðir nr. 1, 2 og 3, yrðu teknir saman til umræðu, þannig að fundarmönnum yrði gefinn kostur á að tjá sig um alla þessa liði eftir yfirferð þriðja dagskrárliðar. Ekki komu fram athugasemdir við þetta fyrirkomulag gegnum rafrænt athugasemdakerfi fundarins. Gat fundarstjóri þess að formaður stjórnar, framkvæmdastjóri og forstöðumaður eignastýringar yrðu til svara varðandi fyrirspurnir.

Fundarstjóri gaf Stefáni Ólafssyni formanni stjórnar þessu næst orðið til þess að flytja skýrslu stjórnar.

1. Skýrsla stjórnar.

Stefán Ólafsson stjórnarformaður flutti skýrslu stjórnar.

2. Kynning ársreiknings.

Árni Guðmundsson framkvæmdastjóri gerði grein fyrir ársreikningi sjóðsins. Helstu atriði erindis hans koma fram í kynningu sem gerð verður aðgengileg á heimasíðu sjóðsins.

3. Gerð grein fyrir tryggingafræðilegri úttekt, fjárfestingarstefnu og hluthafastefnu.

Framkvæmdastjóri sjóðsins gerði grein fyrir tryggingafræðilegri úttekt, fjárfestingarstefnu og hluthafastefnu. Helstu atriði erindis hans koma fram í kynningu sem gerð verður aðgengileg á heimasíðu sjóðsins.

Fundarstjóri gaf að lokinni framsögu um dagskrárliði 1-3 fundarmönnum færi á því að koma á framfæri athugasemdum gegnum rafrænt athugasemdakerfi fundarins.

Örn Pálsson óskaði eftir skýringum á 24% hækkun kostnaðar vegna endurskoðunar á milli ára, úr 12,9 m.kr. í 15,9 m.kr. Framkvæmdastjóri svaraði því til að fjárhæðirnar væru ekki að fullu samanburðarhæfar á milli ára. Bæði hækkaði kostnaður vegna vísitölu á milli ára en einnig skipti máli hvenær reikningar bærust sjóðnum.

Örn Pálsson spurði hversu hátt hlutfall eigna sjóðsins mætti vera í óskráðum félögum eða sjóðum í hverjum eignaflokki, bæði innanlands og erlendis. Davíð Rúdólfsson, forstöðumaður eignastýringar, var til svara og benti á fjárfestingarstefnu sjóðsins sem væri aðgengileg á heimasíðu, sérstaklega viðauka stefunnar sem hefði að geyma mörk hvað þetta varðar. Hámark í samtryggingardeild væri 20% af eignum í óskráðum eignum en hlutfallið væri nú um 10%. Hámark í séreignardeildum væri 10%.

Örn Pálsson spurði hvort stjórn sjóðsins hefði gert athugasemdir við stjórn Eimskipafélags Íslands hf. um starfshætti félagsins, sem virtust m.a. miða að því að komast undan skattgreiðslum. Þá var spurt hver viðbrögð stjórnar Eimskipafélagsins hefðu verið við athugasemdum Gildis um förgun skipa á Indlandi. Framkvæmdastjóri svaraði því til hvað varðar förgun skipa á Indlandi að athugasemdum hefði verið komið á framfæri og félagið upplýst að standa hefði mátt betur að málum. Ekki hefði verið komið sérstökum athugasemdum á framfæri varðandi skattamálefni Eimskipafélagsins.

Örn Pálsson spurði hver væri hæsta fjárhæðin sem lánuð hefði verið til sjóðfélaga. Framkvæmdastjóri svaraði því til að hann væri ekki með nákvæmar tölur hvað það varðar. Hins vegar væri hámark núna samkvæmt lánareglum 60 milljónir króna en á tímabili hefði slíkt hámark ekki verið til staðar.

Valgerður Árnadóttir spurði hvers vegna fjárfest hefði verið í Icelandair þegar ljóst var að mikið tap yrði af fjárfestingunni ásamt því að stjórn Icelandair hefði hótad flugfreyjum í kjarabaráttu. Þá kom ábending frá Benedikt Birgissyni þess efnis að Icelandair væri greinilega ekki að borga sig og ætti sjóðurinn ekki að fjárfesta í þeim lengur. Davíð Rúdólfsson var til svara og gerði ráð fyrir að verið væri að spyrja um þátttöku í nýlegu hlutfjárútboði Icelandair. Sú ákvörðun hefði verið mjög ígrunduð og metið sem svo að það gæti verið hagnaðarvon að taka þátt, þótt aðstæður hefðu vissulega verið óvenjulegar. Sú fjárfesting hefði komið ágætlega út. Frá því tekið var þátt hefði staðan verið minnkuð og væri stærð hennar reglulega endurmetin á grundvelli aðstæðna á hverjum tíma.

Örn Pálsson kom með ábendingu þess efnis að stytta mætti ársskýrslu sjóðsins með því að sleppa upplýsingum um nafnávöxtun og aðeins birta raunávöxtun. Spurði hann jafnframt hvort hægt væri að varpa upp glæru yfir stærstu tölur um hagnað og tap hjá óskráðum félögum. Davíð Rúdólfsson upplýsti varðandi óskráðar fjárfestingar að nokkuð ítarlegar upplýsingar væru um þær í ársskýrslu sjóðsins. Hvað tap varðar mætti e.t.v. helst nefna íslensk félög tengd ferðaþjónustu, s.s. félagið Blávarma sem heldur á hlut í Bláa Lóninu og félagið S38 sem ætti í Íslandshótelum. Sameiginlegt tap á síðasta ári af þessum tveimur eignum væri bókfært 370 m.kr.

Agnieszka Ewa Piotrowska spurði hversu marga erlenda starfsmenn Gildi hefði ráðið. Framkvæmdastjóri svaraði því til að sjóðurinn hefði ekki ráðið erlenda starfsmenn.

Magdalena Samsonowicz spurði hvernig fólk ætti að taka til máls þegar það bæði um orðið. Einnig spurði hún hvers vegna listi yfir fundarmenn væri ekki aðgengilegur. Þá var spurt hvers vegna ekki væri nein leið fyrir fundarmenn að hafa samskipti sín á milli. Fundarstjóri svaraði því til að fundarkerfið byði aðeins upp á þann möguleika að koma á framfæri spurningum og athugasemdum með skriflegum hætti. Það byði ekki upp á möguleikann að sjá aðra þátttakendur eða hafa samskipti milli fundarmanna, það yrði að gera eftir öðrum leiðum.

Örn Pálsson þakkaði stjórnarformanni fyrir gott erindi og starfsfólki fyrir ítarlega og vel unna ársskýrslu og vel unnin störf.

Fundarstjóri upplýsti um í kjölfar fyrirspurnar að ályktunartillögu Arnar Pálssonar væri að finna í enskri þýðingu í fundarkerfinu og bæri skjalið heitið „draft resolution.pdf“.

Magdalena Samsonowicz spurði hvort sjóðurinn væri að viðurkenna óábyrga ákvörðunartöku varðandi Ícelandair sem byggð væri á tilfinningum og hefði orðið þess valdandi að fé sjóðfélaga hefði tapast. Davíð Rúdólfsson var til svara. Hann svaraði því til að hann áttaði sig ekki alveg á því til hvers væri verið að vísa með spurningunni. Ákvarðanataka hefði verið ígrunduð og ekki byggð á tilfinningum. Framkvæmdastjóri bætti jafnframt við að ekki hefði orðið tap af fjárfestingu í útboði Ícelandair heldur þvert á móti.

Ekki kváðu fleiri sér hljóðs og fundarstjóri gekk til næsta dagskrárliðar.

4. Tillögur til breytinga á samþykktum.

Fundarstjóri gerði grein fyrir því að fyrirliggjandi væru tvær tillögur um breytingar á samþykktum sjóðsins. Annars vegar tillaga til breytinga á greinum 16.2 og 3.1 og hins vegar tillaga til breytinga á greinum 4.1 og 4.2. Tillögurnar hefðu legið fyrir á heimasíðu sjóðsins og verið kynntar fulltrúaráði.

Þess var jafnframt getið að sjóðnum hefði borist tillaga til samþykktabreytinga frá Erni Pálssyni. Þær vörðuðu stjórnskipan sjóðsins og kröfðust því samþykkis minnst 2/3 hluta samtaka atvinnurekenda og launþega sem að sjóðnum standa, sbr. ákvæði greinar 24.2 í samþykktum sjóðsins. Ekki náðist tilskilið samþykki fyrir fundinn og var tillagan því ekki tekin fyrir á fundinum.

Fundarstjóri gaf framkvæmdastjóra sjóðsins orðið sem gerði nánari grein fyrir tillögunum og greinargerð sem þeim fylgdi. Tillögurnar eru sem hér segir:

4.a. Tillaga til breytinga á gr. 16.2 og gr. 3.1.:

Grein 16.2. orðist þannig (nýtt er auðkennt með undirstrikun, yfirstrikaður texti fellur út):

16.2. Iðgjöld sem greidd eru sjóðnum vegna þeirra sem eru yngri en 16 ára eða eldri en 70 ára skulu lögð inn í séreignardeild sjóðsins í nafni sjóðfélaga í þá fjárfestingarleið sem ber minnstu áhættu hjá sjóðnum á hverjum tíma, nema sjóðfélagi ákveði annað. Skal þá leggja inn bæði iðgjald sjóðfélaga og mótframlag launagreiðanda. Skal tilkynna viðkomandi sjóðfélagi um slíka ráðstöfun og er sjóðfélaganum þá heimilt að taka slíka greiðslu út úr séreignadeildinni í allt að 5 ár frá því slík ráðstöfun er gerð. Sé ekki óskað eftir endurgreiðslu innan þess tíma fer um endurgreiðsluna eftir almennum ákvæðum séreignardeildarinnar.

16.2. Af iðgjöldum sem sjóðnum eru greidd vegna starfsmanna sem náð hafa 70 ára aldri, sbr. 9.1. og 10.4., skal hann endurgreiða sjóðfélagi og launagreiðanda iðgjaldshluta þeirra. Skal slík endurgreiðsla eiga sér stað eigi sjaldnar en tvisvar á ári.

Kemur nýr texti þannig að öllu leyti í stað gildandi ákvæðis.

Grein 3.1. orðist þannig (yfirstrikaður texti fellur út):

3.1. Aðild að lífeyrissjóðnum eiga allir þeir launamenn, sem náð hafa 16 ára aldri fyrir lok næsta almanaksmanaðar á undan, og byggja ráðningarbundin starfskjör á kjarasamningum þeirra stéttarfélaga og sambanda sem eiga aðild að sjóðnum eða starfa í starfsgreinum þar sem kjarasamningar aðildarfélaganna eru ákvarðandi um lágmarkskjör, enda sé aðild þeirra ekki á annan veg ákveðin í kjarasamningi einstaks aðildarfélags hlutaðeigandi samtaka. Sjóðfélagar eru þeir sem greitt er fyrir, greiða eða hafa greitt iðgjöld til sjóðsins og eiga hjá honum réttindi.

4.b. Tillaga til breytinga á gr. 4.1 og gr. 4.2.:

Grein 4.1. og 4.2. orðist þannig (nýtt er auðkennt með undirstrikun, yfirstrikaður texti fellur út):

4.1. Stjórn sjóðsins skal skipuð átta mönnum. Fjórir skulu kosnir af fulltrúum sjóðfélaga á ársfundum ásamt tveimur varamönnum og fjórir staðfestir af fulltrúum atvinnurekenda í fulltrúaráði á grundvelli tilnefningar Samtaka atvinnulífsins ásamt tveimur varamönnum. Kjörtímabil stjórnarmanna er tvö ár og skal árlega kjósa helming stjórnarmanna og varamenn þeirra. Gæta skal ákvæða laga um kynjahlutföll við skipan stjórnar. Óheimilt er að afturkalla umboð stjórnarmanns á kjörtímabilinu nema hann bresti hæfi til að gegna stjórnarsetu samkvæmt lögum eða samþykktum sjóðsins. Tilnefningaraðili skal tilkynna stjórn sjóðsins með formlegum hætti rökstudda ákvörðun um afturköllun umboðs með tilvísun í viðeigandi lagaákvæði, samþykktir eða reglur. Afturkalli tilnefningaraðili umboð stjórnarmanns skal fulltrúaráð þess aðila staðfesta þá ákvörðun ásamt tilnefningu nýs stjórnarmanns fram að næsta ársfundi. Tilnefningaraðilar eru Samtök atvinnulífsins annars vegar og tilnefningarnefnd launamanna hins vegar, sbr. gr. 5.5. í samþykktum sjóðsins.

4.2. Stjórnarmenn í lífeyrissjóðnum skulu vera búsettir hér á landi, vera lögráða, hafa gott oróspor óflekkað mannræð og hafa aldrei verið sviptir forræði á búi sínu og mega ekki á síðustu fimm árum, í tengslum við atvinnurekstur, hafa fengið dóm fyrir refsiverðan verknað samkvæmt almennum hegningarlögum, lögum um hlutafélög, einkahlutafélög, bókhald, ársreikninga, gjaldþrot eða opinber gjöld. Stjórnarmenn sem búsettir eru í aðildarríkjum Evrópska efnahagssvæðisins eru þó undanþegnir þessu búsetuskilyrði. Til viðbótar framangreindum skilyrðum skulu stjórnarmenn búa yfir nægilegri þekkingu og starfsreynslu til að geta gegnt stöðu sinni á tilhlýðilegan hátt. Stjórnarmenn skulu rækja skyldur sínar af heilindum, hafa möguleika á að verja þeim tíma til stjórnarstarfa sem slík seta krefst og taka sjálfstæðar ákvarðanir í hverju máli fyrir sig.

Fundarstjóri vakti athygli á því að samkvæmt grein 24.1 í samþykktum sjóðsins skuli stjórn sjóðsins senda aðildarfélögum sjóðsins og Samtökum atvinnulífsins tillögur um breytingar á samþykktum til kynningar a.m.k. fjórum vikum fyrir ársfund. Fyrir lægi að fyrri tillagan til samþykktabreytinga, þ.e. sú er varðar greinar 16.2 og 3.1, hefði verið kynnt aðildarfélögum sjóðsins og Samtökum atvinnulífsins með tilskyldum fyrirvara. Síðari tillagan, þ.e. sú er varðar greinar 4.1 og 4.2, hefði hins vegar verið kynnt framangreindum aðilum tveimur vikum fyrir fundinn. Um væri að ræða tillögu sem byggðist á tilmælum Fjármálaeftirlits Seðlabanka Íslands og nýlegum breytingum á kjarasamningi ASÍ og SA er varða lífeyrismál og hefðu fulltrúar samtaka stéttarfélaganna annars vegar og Samtaka atvinnulífsins hins vegar ekki gert athugasemdir við að tillagan yrði tekin fyrir á fundinum. Kallað var eftir því hvort einhver fundarmanna hefði athugasemdir við að síðarnefnda tillagan yrði tekin til afgreiðslu á fundinum. Að sama skapi var kallað eftir spurningum eða athugasemdum um fyrirliggjandi tillögur. Ekki bárust athugasemdir við að síðarnefnda tillagan yrði tekin til afgreiðslu og þá bárust ekki spurningar eða athugasemdir gegnum rafrænt athugasemdakerfi fundarins um tillögurnar að öðru leyti. Bar þá fundarstjóri tillögurnar undir atkvæði. Vakin var athygli á því að þar sem um tillögur til breytinga á samþykktum væri að ræða krefðust þær samþykkis minnst 2/3 hluta greiddra atkvæða.

Fyrri tillagan um breytingar á gr. 16.2. og gr. 3.1. var samþykkt með 78 atkvæðum og engu mótatkvæði. Seinni tillagan um breytingar á gr. 4.1. og 4.2. var samþykkt með 73 atkvæðum og einu mótatkvæði. Samkvæmt því voru fyrirliggjandi tillögur um samþykktabreytingar samþykktar með tilskildum meirihluta atkvæða.

5. Starfskjarastefna – til staðfestingar.

Fundarstjóri gerði grein fyrir því að næst yrði starfskjarastefna Gildis borin upp til staðfestingar. Starfskjarastefnan hefði legið fyrir á heimasíðu sjóðsins og verið óbreytt frá árinu 2018. Framkvæmdastjóra sjóðsins var gefið orðið og gerði hann grein fyrir efni stefnunnar. Að lokinni yfirferð kallaði fundarstjóri eftir athugasemdum eða fyrirspurnum um starfskjarastefnuna. Engar athugasemdir eða fyrirspurnir bárust. Bar þá fundarstjóri starfskjarastefnuna upp til staðfestingar. Starfskjarastefnan var staðfest með 72 atkvæðum og 2 greiddu atkvæði gegn stefnunni. Taldist starfskjarastefnan því staðfest með tilskildum meirihluta atkvæða.

6. Kosning / skipan stjórnar.

Fundarstjóri upplýsti að samkvæmt samþykktum Gildis skyldi stjórn sjóðsins skipuð átta einstaklingum. Þar af skyldu fjórir kosnir á ársfundi, ásamt tveimur varamönnum, en fjórir aðalmenn og tveir varamenn skyldu staðfestir af fulltrúum atvinnurekenda í fulltrúaráði á grundvelli tilnefningar SA. Kjörtímabil stjórnarmanna væri tvö ár og skyldi árlega kjósa helming stjórnarmanna og varamenn þeirra. Samþykktir mæltu jafnframt fyrir um að tilnefningarnefnd á vegum fulltrúa stéttarfélaganna í fulltrúaráði sjóðsins skyldi gera tillögu um frambjóðendur fulltrúa sjóðfélaga til stjórnar og varastjórnar. Með vísan til þessa hafði tilnefningarnefnd fulltrúa stéttarfélaganna í fulltrúaráði sjóðsins lagt til að eftirfarandi aðilar yrðu kjörnir í aðalstjórn Gildis árið 2021, til tveggja ára:

Margrét Valdimarsdóttir
Stefán Ólafsson

Jafnframt að eftirtalinn aðili yrði kjörinn í varastjórn sjóðsins, einnig til tveggja ára:

Ingibjörg Ólafsdóttir

Þá lá fyrir að Samtök atvinnulífsins hafði tilnefnt eftirtalda aðila í aðalstjórn fyrir hönd SA, til tveggja ára:

Freyja Önundardóttir
Gylfi Gíslason

Jafnframt að eftirtalinn aðili yrði í varastjórn fyrir hönd SA, einnig til tveggja ára:

Inga Jóna Friðgeirsdóttir

Fundarstjóri kallaði þessu næst eftir frekari tilnefningum frá fundarmönnum varðandi fulltrúa stéttarféлага í stjórn sjóðsins. Ekki kæmi til frekari tilnefningar eða kosningar varðandi tilnefningu af hálfu Samtaka atvinnulífsins. Engar frekari tilnefningar bárust um fulltrúa í stjórn sjóðsins. Töldust fyrrgreindir aðilar þannig sjálfkjörnir í aðal- og varastjórn sjóðsins.

Fundarstjóri upplýsti þannig um að í stjórn Gildis sætu því nú:

- Áslaug Hulda Jónsdóttir
- Árni Bjarnason
- Freyja Önundardóttir
- Gylfi Gíslason
- Margrét Birkisdóttir
- Margrét Valdimarsdóttir
- Stefán Ólafsson
- Sverrir Sverrisson

og varamenn:

- Hannes G. Sigurðsson
- Inga Jóna Friðgeirsdóttir
- Ingibjörg Ólafsdóttir
- Kolbeinn Gunnarsson

7. Ákvörðun launa stjórnarmanna.

Fundarstjóri gerði grein fyrir framlagðri tillögu um laun stjórnarmanna þess efnis að mánaðarlaun aðalmanns verði kr. 134.956, laun formanns verði tvöföld eða kr. 269.012 og laun varaformanns verði kr. 202.434. Stjórnarlaun miðist við einn fund í mánuði. Ef stjórnarfundir séu fleiri skuli greiða aukalega sem nemur einum mánaðarlaunum fyrir hvern setinn fund. Varamaður fái greidd laun aðalmanns, kr. 134.945, fyrir hvern setinn stjórnarfund. Fyrir hæfismat hjá Fjármálaeftirliti verði greidd ein mánaðarlaun stjórnarmanns. Samkvæmt greinargerð með tillögunni væri um að ræða hækkun um kr. 6.000 á launum almenns stjórnarmanns og tæki mið af almennri launaþróun og lífskjarasamningum. Kallað var eftir því hvort fundarmenn hefðu athugasemdir eða fyrirspurnir. Engar athugasemdir eða fyrirspurnir bárust. Bar þá fundarstjóri tillöguna upp til samþykktar. Með tillögunni greiddu 66 atkvæði og 9 á móti. Taldist tillagan þannig samþykkt með tilskildum meirihluta atkvæða.

8. Kosning nefndar um laun stjórnarmanna.

Fundarstjóri upplýsti um að samkvæmt samþykktum Gildis skuli ársfundur kjósa þrjá fulltrúa í nefnd sjóðsins um laun stjórnarmanna. Eftirtaldir aðilar hefðu verið tilnefndir í nefnd um laun stjórnarmanna á grundvelli gr. 5.6. í samþykktum sjóðsins:

Tillaga um fulltrúa launafólks:

- Gundega Jaunlinina
- Trausti Ingólfsson

Tillaga um fulltrúa atvinnurekenda:

- Davíð Þorláksson

Fundarstjóri kallaði þessu næst eftir frekari tilnefningum frá fundarmönnum varðandi fulltrúa í nefnd um laun stjórnarmanna. Skömmu eftir að frestur til þessa var liðinn tilnefndi Valgerður Árnadóttir sjálfa sig í nefndina sem fulltrúi launafólks. Var þá ákveðið að kosning skyldi fara fram og fór hún fram eftir umfjöllun um níunda dagskrárlið (kjör endurskoðanda). Eingöngu fulltrúar stéttarfélaga í fulltrúaráði fóru með atkvæðisrétt í kjörinu. Var upplýst um niðurstöður kosningarinnar síðar á fundinum. Niðurstöðurnar voru sem hér segir:

| | Fjöldi atkvæða |
|----------------------|----------------|
| Gundega Jaunlinina | 32 |
| Valgerður Árnadóttir | 27 |
| Trausti Ingólfsson | 25 |

Töldust Gundega Jaunlinina og Valgerður Árnadóttir þannig rétt kjörnar sem fulltrúar launafólks í nefnd um laun stjórnarmanna. Davíð Þorláksson var sjálfkjörinn í nefndina sem fulltrúi atvinnurekenda.

9. Kjör endurskoðanda.

Fundarstjóri gerði grein fyrir framlagðri tillögu um að endurskoðandi sjóðsins yrði Deloitte ehf., Smáratorgi 3, Kópavogi.

Kallað var eftir því hvort fundarmenn hefðu athugasemdir eða fyrirspurnir við tillöguna. Engar athugasemdir eða fyrirspurnir bárust. Bar þá fundarstjóri tillöguna undir atkvæði. Með tillögunni greiddu 66 atkvæði og 2 á móti. Taldist tillagan þannig samþykkt með tilskildum meirihluta atkvæða.

10. Önnur mál.

a. Tillaga til ályktunar frá Erni Pálssyni

Fundarstjóri gerði grein fyrir því að fram hefði komið tillaga til ályktunar ársfundarins frá Erni Pálssyni ásamt því að gera grein fyrir efni tillögunnar sem var svohljóðandi:

„Ársfundur Gildis-lífeyrissjóðs 2021 ályktar að fela stjórn sjóðsins að leita leiða til að lækka kostnað vegna umsýsluþóknana við erlendar fjárfestingar. Skal í því sambandi hefja viðræður við Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins, Lífeyrissjóð verslunarmanna og Birtu lífeyrissjóð um stofnun stýrihóps um erlendar fjárfestingar. Hlutverk hans yrði að móta sameiginlega stefnu um erlendar fjárfestingar og hafa umsjón með þeim að öllu leyti.“

Gerði fundarstjóri að sama skapi grein fyrir greinargerð sem fylgdi tillögunni þar sem m.a. kom fram að fjárfestingar erlendis væru gríðarlega áhættusamar. Tillögunni væri ætlað að sameina þekkingu og krafta sjóðanna við erlendar fjárfestingar. Þá væri henni einnig ætlað að draga úr umsýslukostnaði vegna þeirra sem næmu milljörðum á ári hverju. Mætti í því sambandi nefna að Gildi greiddi á árinu 2019 1,3 milljarða í umsýslubókunum vegna erlendra fjárfestinga. Fram kom að Örn Pálsson hvetti fundarmenn til þess að samþykka tillöguna. Henni væri ætlað að opna fyrir samstarf meðal fjögurra stærstu lífeyrissjóða landsins. Fyrsta skrefið í því væri að skoða möguleika á stofnun slíks hóps sem myndi móta stefnu og hafa umsjón með fjárfestingum erlendis. Gríðarlegir hagsmunir væru undir og líklegt að stærri pakki gæfi betri tækifæri og með honum opnuðust jafnframt möguleikar á að lækka kostnað við umsýslubóknanir.

Stefán Ólafsson stjórnarformaður óskaði þessu næst eftir því að fá að tjá sig um tillöguna. Þakkaði hann Erni Pálssyni fyrir tillöguna. Vildi hann koma því á framfæri að Gildi legði mikla áherslu á aðhald í þóknunum um fjárfestingar. Innanlands væri sjóðurinn nægilega stór til þess að beita sér í samningum og hefði gert það. Íslensku sjóðirnir væru hins vegar litlir á alþjóðlegum mörkuðum og ekki víst að betri kjör fengjust ef þeir væru fleiri en einn saman. Í flestum erlendum sjóðum þyrfti mjög háar fjárhæðir til þess að geta haft áhrif á þóknunir til lækkunar, mun hærrí en þrír eða fjórir íslenskir lífeyrissjóðir legðu að jafnaði til einstakra fjárfestinga. Þá væri mikilvægt að hafa í huga að eignasafn innlendra lífeyrissjóða væri ólíkt og velja þyrfti erlendar fjárfestingar með hliðsjón af því að viðkomandi valmöguleiki passaði sem dæmi inn í eignasafn Gildis. Svo væri væntanlega ekki vilji til þess meðal annarra sjóða að ganga það langt að sameina eignasöfn með þessum hætti. Hafa mætti jafnframt í huga að fjárfestingarkostnaður íslensku lífeyrissjóðanna væri ekki sérstaklega hár í alþjóðlegum samanburði. Stjórn sjóðsins yrði áfram með vakandi auga fyrir því að halda kostnaði niðri.

Fundarstjóri kallaði eftir því hvort fundarmenn hefðu frekari athugasemdir eða fyrirspurnir við tillöguna. Örn Pálsson áréttaði fyrri sjónarmið og lýsti yfir óánægju með að geta ekki tjáð sig með sama hætti og stjórnarformaður heldur aðeins skriflega. Ekki bárust frekari athugasemdir eða fyrirspurnir. Bar þá fundarstjóri tillöguna undir atkvæði. Með tillögunni greiddu 20 atkvæði en 54 á móti. Taldist tillögunni því hafnað.

b. Aðrar athugasemdir eða fyrirspurnir

Fundarstjóri kallaði eftir því hvort fundarmenn vildu ræða önnur mál eða hefðu frekari athugasemdir eða fyrirspurnir.

Fundarmaður með auðkennið Sigurgeirsson spurði hvort ekki væri gott svigrúm fyrir hækkun á lífeyrisgreiðslum til sjóðfélaga þar sem höfuðstóll hefði vaxið verulega, eða um 100 milljarða milli ára 2019 og 2020. Framkvæmdastjóri svaraði því til að staða sjóðsins væri nú jákvæð um 4%. Meðan eignir væru að vaxa gerðu skuldbindingar það líka. Framundan væru einnig nýjar eftirlifendatölur sem myndu auka skuldbindingar sjóðsins. Ekki væri þannig svigrúm fyrir hækkunir þrátt fyrir bættu afkomu.

Valgerður Árnadóttir bar fram eftirfarandi spurningu: Gildi lífeyrissjóður fjárfesti rúma þrjá milljarða króna í Arnalaxi (Icelandic Salmon) og þegar spurt var út í þá ákvörðun var svar sjóðsins að „áhersla Icelandic Salmon á sjálfbærni, gæði og virðingu fyrir umhverfinu geri félagið að áhugaverðum fjárfestingarkosti.“ Nú hafi Arnarlax orðið uppvis að mesta laxadauða sem hafi átt sér stað í laxeldi á Íslandi ásamt langflestum „slysum“ sem hafa ollið sleppingum. Það væri því ekkert á bakvið þessar fullyrðingar um sjálfbærni og virðingu fyrir umhverfinu annað en orð, ætlar Gildi ekki að setja sér metnaðarfyllri markmið í sjálfbærni og umhverfisvernd?

Davíð Rúdólfsson var til svara. Tók hann fram varðandi laxadauða og slys að það hefði verið eitthvað sem gerðist á fyrstu árum í rekstri félagsins. Farið hefði verið sérstaklega yfir þá þætti sem snéru að félaginu varðandi umhverfi og sjálfbærni. Það hefði verið niðurstaðan að loknu því mati að félagið eins og það væri í dag og áherslur fram á við snérust mikið um sjálfbærni, gæði og virðingu fyrir umhverfinu. Á því hefði ákvörðunin byggst og hefði þetta verið talin áhugaverð fjárfesting í vaxandi geira og um væri að ræða framleiðslufyrirtæki sem gæti til lengri tíma skilað góðri ávöxtun. Umhverfissjónarmið og sjónarmið um ábyrgar fjárfestingar kæmu þannig alltaf til skoðunar þegar ákvarðanir um fjárfestingar væru teknar.


Örn Pálsson spurði hvort Gildi hefði gert athugasemdir við mánaðarlaun forstjóra Bláa lónsins. Framkvæmdastjóri var til svara og sagði það ekki hafa verið gert.


Magdalena Samsonowicz vildi nýta tækifærið og hvetja Gildi til að bæta þjónustu við erlenda sjóðfélaga. Fólk þyrfti oft að leita til Eflingar til að fá aðstoð í samskiptum sínum við Gildi vegna þess að þegar þau hefðu samband við sjóðinn, verandi af erlendu bergi brotin, þá yrðu þau fyrir vonbrigðum með þjónustuna. Það gæti ef til vill hjálpað til að ráða starfsmenn af erlendu bergi brotnu til að aðstoða fólk enda væru um 35% af sjóðfélögum Gildis erlendir og töluðu ekki íslensku. Framkvæmdastjóri þakkaði ábendinguna og sagði að sjóðurinn myndi taka hana til sín og reyna að bæta úr.

Kolbrún Valvesdóttir spurði hvort farið hefði fram úttekt á umhverfisþáttum og/eða mengun þeirra fyrirtækja sem stunduðu hér sjóeldi. Davíð Rúdólfsson var til svara og vissi ekki hvort samræmd úttekt hefði farið fram. Hins vegar hafi Arnarlax fengið svokallaða ASC vottun, sem væri alþjóðleg umhverfisvottun, á allar sínar sjókvíar. Vissi hann ekki betur en að önnur sjóeldisfyrirtæki hefðu leitast við að innleiða eða taka upp slíka vottun en hann hefði hins vegar ekki upplýsingar um það.

Ekki komu fram frekari athugasemdir eða fyrirspurnir. Fundarstjóri óskaði eftir heimild til þess að ganga frá fundargerð fundarins ásamt fundarritara og voru ekki gerðar athugasemdir við það. Þar sem dagskrá fundarins var tæmd gaf fundarstjóri Stefáni Ólafssyni stjórnarformanni orðið. Þakkaði hann fyrir fundarstjórnina, framkvæmdastjóra fyrir kynningu sína og fundarmönnum fyrir fundarsetuna. Fundi var því næst slitið kl. 19.35.

Með atkvæðisrétt á fundinum sátu 86 fulltrúar, þar af 52 fulltrúar launamanna og 34 fulltrúar atvinnurekenda. Fjöldi fundarmanna í heild var um 135 manns.


Árni Hrafn Gunnarsson, fundarritari


Guðbjörg Helga Hjartardóttir, fundarstjóri